



Lög Ungmennafélagsins Ólafur Pái

Heiti og aðsetur.
1. gr.

Félagið heitir Ungmennafélagið Ólafur Pái. Heimili þess og varnarþing er í Búðardal. Félagið er aðili að UDN.

Markmið:
2. gr.

Markmið félagsins eru:

- a) Halda uppi íþróttakennslu fyrir félaga sína.
- b) Standa fyrir og taka þátt í íþróttamótum.
- c) Halda uppi fræðslu um íþróttamál á hvern þann hátt sem kostur er á hverjum tíma.
- d) Standa fyrir að byggð verði fullkominn íþrótt- og félagsaðstaða.
- e) Að vinna gegn tóbaksreykingum, neyslu áfengis og annarra skaðnautna.
- f) Að vinna að markmiðum og stefnuskrá ÍSÍ og UMFÍ.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, námskeiðum, íþróttaræfingum, félagsstarfi og framkvæmdum þeim tengt.

Félagar:
3. gr.

Félagar teljast virkir, styrktar - eða ævifélagar:

- a) Virkir félagar teljast þeir sem sækja æfingar hjá féluginu og þeir sem eru í stjórn félagsins eða gegna öðrum trúnaðarstörfum.
- b) Styrktarfélagar teljast þeir sem ekki iðka íþróttir en vilja vera áfram félagar og styrkja félagið ár hvert með fjárfram lagi sem aðalstjórm ákveður.
- c) Allir sem náð hafa 50 ára aldri geta gerst ævifélagar. Gjald ævifélaga er ákveðin upphæð í eitt skipti fyrir öll.

4. gr.

Félagsmaður getur hver sá orðið sem æskir þess og samþykkir að hlíta lögum og reglum félagsins, sem í gildi eru á hverjum tíma. Beiðni um aðild skal leggja fyrir stjórnarfund til samþykktar. Stjórn skal halda skrá yfir félagsmenn

5.gr.

Hver sá sem hyggst taka þátt í reglubundnum æfingum eða keppa á vegum eða fyrir hönd félagsins verður að vera skráður félagi.

6.gr.

Heimið er að skrá félaga sem styrktarfélaga sem eru undanþegnar þátttöku í störfum á vegum félagsins.

7.gr.

Félagsgjald skal ákveðið af aðalfundi ár hvert.



8. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að víkja félagsmanni úr félaginu, hafi hann í orði eða verki unnið gegn félaginu eða markmiðum þess. Útskurði stjómarinnar getur hann skotið til aðalfundar.

9. gr.

Úrsogn úr félaginu skal tilkynna til stjómar þess.

Ósk um félagaskipti skal berast skriflega til stjómar félagsins og hljóta þar meirihluta fylgi til að vera samþykkt.

Reikningar.

10. gr.

Gjaldkeri félagsins fer með prókúru þess. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Skipulag félagsins:

11.gr.

Stjórn félagsins skipa 4 menn, formaður, ritari, meðstjórandi og gjaldkeri. Hún skal kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Formaður og meðstjórandi annað árið, en ritari og gjaldkeri hitt. Ritari er varamaður formanns, en kjósa skal vararitara og varagjaldkera, árlega. Gætir stjórin þess að lögum félagsins sé hlýtt og þau séu jafnan til fjörlituð. Formaður hefur æðsta framkvæmdarvald í félaginu og boðar til fundar þegar stjórn félagsins telur þörf á eða $\frac{1}{4}$ hluti virkra félagsmanna krefst þess. Á aðalfundi hverjum skal hann leggja fram skýrslu umstörf stjórnar á árinu.

Aðalfundur félagsins.

12. gr.

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málum þess. Skal hann haldinn eigi síðar en 15. mars ár hvert. Auglýsa skal aðalfundinn opinberlega, í staðarblöðum, með 1 viku fyrirvara. Aðalfundurinn telst lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Tillögurn um breytingar á lögum félagsins skal senda aðalstjórm eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram ef 2/3 hlutar viðstaddir atkvæðisbærra fundamanna eru því samþykktir.

13.gr.

Dagskrá aðalfundar.

Dagskrá aðalfundar félagsins skal vera sem hér segir:

1. Fundarsetning
2. a) Kosinn fundarstjóri
b) Kosinn fundarritari.
3. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjómar um starfssemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
4. a) Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjómar og félagsins í heild fyrir starfsár til samþykktar.
b) Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
5. Lagabreytingar
6. Stjórnarkjör
 - a) Kosinn formaður.
 - b) Kosinn ritari
 - c) Kosinn gjaldkeri
 - d) Kosinn meðstjórandi
 - e) Kjörnir 2 varamenn



8. Ákveðið félagsgjald og ævifélagsgjald.
9. Önnur mál
10. Fundargerð lesinn upp.
11. Fundarslit.

Fundarstjóri getur ákveðið að ávörp gesta fari fram á milli ofangreindra liða. Þyki það henta.

Aukaaðalfundur félagsins.
14. gr.

Aukaaðalfundur félagsins má halda ef aðalstjórm álítur þess þörf eða ef 1/4 atkvæðisbærra fundarmanna á aðalfundi félagsins óska eftir því, enda tilkynni þeir um leið fundarefni það er ræða á. Aukaaðalfundur er lögmætur sé til hans boðað skv. 7. gr. þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur. Lagabreytingar og stjórmarkosningar skulu þó ekki fara fram á aukaaðalfundi.

Atkvæðagreiðslur og kjörgengi.
15. gr.

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála, nema þegar um er að ræða tillögur til breytinga á lögum félagsins, en þær verða að samþykkjast af 2/3 viðstaddir atkvæðisbærra fundarmanna. Kosningar skulu vera skriflegar ef þess er óskað. Séu atkvæði jöfn við stjórmarkjör skal kosning endurtekin. Verði þá atkvæði enn jöfn skal hlutkesti ráða.

16. gr.

Allir skuldlausir félagsmenn 16 ára og eldri hafa kjörgengi til stjórmarstarfa, tillögurétt, atkvæðisrétt og málfrelsi á aðalfundi félagsins.

17. gr.

Sérhverjum félagsmanni ber að greiða félagsgjöld til þeirrar deildar sem hann er félagi í. Heiðursfélagar eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda. Félagsgjöld virkra félaga og styrktarfélaga skal ákveðið á aðalfundi.

Stjórn og verkefni.
18. gr.

Stjórn félagsins ber að efla félagið á allan hátt og gaða hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarátt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í aðalatriðum. Stjórnin skipar alla trúnaðarmenn félagsins. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum á hennar vegum og skulu þær leggja allar meiniháttar tillögur og ákvarðanir fyrir aðalstjórm félagsins til samþykktar.

19. gr.

Lögum þessum er ekki hægt að breyta nema á aðalfundi. Þau öðlast þegar gildi og eru jafnframt eldri lög félagsins úr gildi fallin.

Samþykkt á aðalfundi þriðjudaginn 14. maí 2002 í félagsheimilinu Dalabúð